

Nd.

739. Nefndarálit

um frumvarp til laga um framlengingu og breytingu á lögum nr. 16, 16. sept. 1915, um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum íslenskum afurðum.

Frá fjárhagsnefnd.

Eftir að háttv. deild hafði felt frumv. það um hækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem fjárhagsnefndin bar fram, hefir nefndin athugað stjórnarfrumvarpið á þgskj. 389, um framlenging og breyting á lögum nr. 16, 16. sept. 1915, um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum íslenskum afurðum.

Nefndin hefir frá öndverðu þessu þingi verið þeirrar skoðunar, að eigi væri rjett að framlengja lög þessi, og reynt í þess stað að finna aðrar tekjulindir, en þessum tilraunum hennar hefir verið misjafnlega tekið, og eigi verður enn sagt með vissu, hvernig sumum þessum tilraunum reiðir af. En nú er svo liðið á þingtímann, að eigi má tefja að koma á framfæri þeim frv., sem eigi er ráðið, að feld skuli eða látin óútrædd. Og jafnvel þótt nefndin mæli ekki með framgangi þessa frv., vill hún þó gefa háttv. deild tíma til að koma frv. fram, ef hún er ósamþykk nefndinni.

Aðalástæður nefndarinnar fyrir þessari afstöðu hennar eru þessar:

1. Vegna aukins framleiðslukostnaðar er hæpið, að um raunverulega verðhækkun sje að ræða.
2. Eftir fullyrðingum sjávarútvegsmanna stendur sá atvinnuvegur nú svo höllum fæti, að hann þolir eigi frekari álögur en nú eru.
3. Tekjur þær, sem lög í þessa átt mundu gefa, yrðu eigi miklar, bæði vegna hækkunar á hinu tollfrjálsa verði og vegna stórkostlegrar rýrnunar á framleiðslumagni.
4. Í framkvæmd mundi verða erfitt að greina framleiðslu yfirstandandi árs frá framleiðslu næsta árs, enda engin vissa fyrir, að allar afurðir frá yfirstandandi ári verði fluttar úr landi fyrir 1. júlí 1918, nje heldur hve nær þær yrðu fluttar út.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að háttv. deild felli frumv. þetta,

Alþingi, 30. ágúst 1917,

Magnús Guðmundsson,
form. og framsm.

Gisli Sveinsson,
skrifari.

Þórarinn Jónsson. Þorsteinn M. Jónsson. Hákon J. Kristófersson.